

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Einarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð í eftirlitinu en tvær athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Allt vatn sem tekið er inn í verksmiðjuferlið er leitt inn í lokað endurnýtingarkerfi. Vatnið kemur frá bæjarveitunni, Gönguskarðsá og af plönnum í kringum verksmiðjuna. Eina frárennslið frá verksmiðjunni er frá starfsmannaaðstöðu.

Töluvert af úrgangi fellur til í framleiðsluferlinu en mikið af honum er endurnýtt eða endurnotað, hlutfall urðaðs úrgangs af framleiðslu er 2% en nánar er greint frá því grænu bókhaldi Steinullar. Afgangsefni og gjall úr vinnslunni er mulið og sett aftur inn í ferlið og steinull sem notuð er til síunnar á útblæstri er jarðgerð á lóð fyrirtækisins.

Mælingar á útblæstri eiga að fara fram minnst annað hvert ár en þær fór seinast fram árið 2015. Mælingar fyrir árið í ár verða framkvæmdar af Nýsköpunarmiðstöð Íslands á næstu vikum. Í eftirlitinu var bent á að vakta á hljóðstig frá verksmiðjunni minnst annað hvert ár. Slíkar mælingar ætti að gera í ár en þær liggja ekki fyrir.

Grænu bókhaldi og ústreymissókhaldi hefur verið skilað inn til stofnunarinnar.

Farið var yfir stöðu lóðarmála og hráefnageymslna utan dyra. Skv. gr. 2.6 í starfsleyfi ber að takmarka aðgang óviðkomandi og geymsla hráefna skal vera á afmörkuðu svæði. Rekstraraðili hefur sótt um stækkun lóðar til sveitarfélagsins og kynnti rekstraraðili tillögur að nýjum hráefnageymslum og girðingu á svæðinu í eftirlitinu. Í tillögunum er áformað er að færa hráefnageymslur þegar lóðin hefur verið stækkuð og afmarka þær með gámum. Klæða á gámuna að utan og á klæðningin að ná upp fyrir gámuna. Eftirlitsaðili gerir ekki athugasemdir við þær áætlanir rekstraraðila. Jafnframt fyrirhugar rekstraraðili að girða hluta lóðarinnar þegar lóðarstækkun er gengin í gegn. Eftirlitsaðili gerir ekki athugasemdir við þær tillögur um takmörkun aðgangs sem kynntar voru í eftirlit svo fremur sem öll hráefni til framleiðslunnar eru innan girðingar og óviðkomandi hafi ekki aðgang að verksmiðjunni.

Kvörtun barst eftirlitsaðila í ágúst sl. þar sem kvartað var undan reyk sem barst frá verksmiðjunni. Haft var samband við rekstraraðila sem skoðaði allan aðbúnað hjá sér sem gæti valdið auknum reyk. Ekkert fannst við skoðunina en rekstraraðili gaf þá skýringu að veðurfarsskilyrði gerðu það að verkum að reykurinn væri sýnilegir. Allar kvartanir eru teknar til skoðunar hjá eftirlitsaðila og þær skráðar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð hvað varðar gr. 2.6 í starfsleyfi en geymsla hráefna skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er takmarkaður.

Athugasemd er gerð við það að ekki hefur verið kannað hjá Heilbrigðiseftirlitinu hvort að sú aðstaða sem notast er við í dag varðandi moltugerðina sé starfsleyfisskild hjá Heilbrigðiseftirliti.

ANNAÐ

Vistferilsgreining fyrir verksmiðjuna er á lokastigum.

Viðstaddir eftirlitið voru Guðmundur Örn Guðmundsson, Rafn Ingi Rafnsson og Magnús Sigfinnsson, allir starfsmenn Steinullar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.10.2017

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir